

Nd.

518. Nefndarálit

[164. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar og rætt efni þess á þrem fundum. Hefur ekki orðið samkomulag um afgreiðslu málsins, og munu minni hlutar skila sérstökum nefndarálitum.

Við undirritaðir teljum sanngjarnt að verða við óskum fiskkaupenda og fisk-seljenda um að lækka útflutningsskattinn úr 5% í 2.5%, sem mun þá óhjákvæmilega hafa í för með sér hlutfallslega jafnlengingu tímans, sem skattheimta þessi verður að vara til öflunar á þeirri heildarupphæð, sem nauðsynleg er til greiðslu á skuld-bindingum útflutningssjóðs, og mælum því með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 24. maí 1960.

Birgir Kjaran,
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Jóhann Hafstein.